

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar á bæjarskrifstofum Breiðumörk 21, mánudaginn 15. október 2018, kl. 17:00.
Mætt voru: Ingibjörg Zoëga varaformaður, Jakob Fannar Hansen, Nína Kjartansdóttir, Sigurður Páll Ásgeirsson og Sandra Sigurðardóttir. Friðrik Sigurbjörnsson formaður boðaði forföll.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Varaformaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Ungmennaráð - staða mála
2. Íþróttaskóli - staða mála
3. Umsókn í afreks og styrktarsjóð
4. Tónaland, klassísk/djass tónlistarröð á vegum FÍT og FÍH
5. Varmahlíðarhúsið - Endurskoðun á reglum og kynning á því sem þar fer fram
6. Fjárhagsáætlun 2019 - Fara yfir stöðuna fyrir 2018 og áherslur fyrir 2019
7. Íþróttamaður ársins 2018 - Auglýsa eftir tilnefningum og kynna reglur
8. Jól í bæ - Staða mála
9. Fræðsla og menning - Söguskilti

1. Ungmennaráð - staða mála

Menningar og frístundafulltrúi kynnti vinnureglur í nokkrum sveitarfélögum og einnig var auglýst eftir áhugasömum ungmennum til starfa í ungmennaráði Hveragerðisbæjar. Nefndarmenn ætla að hvetja ungmenni til að taka þátt og undirbúa ungmennapeing á árinu 2019.

2. Íþróttaskóli - staða mála

Menningar og frístundafulltrúi fór yfir samráðsfundi við formann Hamars. Stefnt að því að íþróttaskóli geti hafist í byrjun árs 2019.

3. Umsókn í afreks og styrktarsjóð





Ein umsókn barst í afreks og styrktarsjóð, frá stúlku sem var valin í unglíngalandslið Íslands. Liðið keppir á EM hópfimleikum. Umsóknin var samþykkt. Nefndin óskar henni góðs gengis.

4. Tónaland, klassísk/djass tónlistarröð á vegum FÍT og FÍH

Menningar og frístundafulltrúi kynnti mögulegt samstarf um tónlistarviðburði í Hveragerði. Nefndarmenn hafa áhuga á tónleikahaldi í Hveragerði í samstarfi við Tónaland. Menningar og frístundafulltrúa falið að skoða kostnað og samstarf fyrir árið 2019.

5. **Varmahlíðarhúsið** - Endurskoðun á reglum og kynning
Farið yfir úthlutunarreglur Varmahlíðarhússins. Umræður um mögulegar breytingar. Menningar og frístundafulltrúa og formanni míf nefndar falið að koma með drög að breyttum reglum á næsta fund.
6. **Fjárhagsáætlun 2019** - Farið yfir stöðuna fyrir 2018 og áherslur fyrir 2019
Menningar og frístundafulltrúi fór yfir framkvæmdir í Laugaskarði 2018, rekstur íþróttamannvirkja og mögulegar framkvæmdir 2019.
7. **Íþróttamaður ársins 2018** - Auglýsa eftir tilnefningum og kynna reglur
Íþróttamaður ársins er tilnefndur á hverju ári á milli jóla og nýárs. Ákveðið að auglýsa eftir tilnefningum hjá félögum í Hveragerði og hjá ÍSí eins og reglugerð kveður um.
8. **Jól í bæ - Staða mála**
Menningar og frístundafulltrúi fór yfir hátíðina Jól í bæ. Bæklingur um viðburði í bænum verður tilbúinn um miðjan nóvember. Öllum bæjarbúum gefst kostur á að kynna sína menningarviðburði.
9. **Fræðsla og menning – Söguskilti**
Hveragerðisbær fékk úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ í gerð nýs söguskiltis: Söguskilti um kirkjustarf í og við Hveragerði. Njörður Sigurðsson sagnfræðingur vinnur að gerð skiltisins í samvinnu við menningar og frístundafulltrúa.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00

Ingibjörg Zoëga, (sign) 
Jakob Fannar Hansen, (sign) 
Sigurður Páll Ásgeirsson, (sign) 
Nína Kjartansdóttir, (sign) 
Sandra Sigurðardóttir, (sign) 
Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign) 